

REGLUR

um útflutningsleyfi á hlífðarbúnaði fyrir heilbrigðisstarfsfólk vegna COVID-19.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglur þessar gilda um útflutning hlífðarbúnaðar fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem tiltekinn er í fylgiskjali I við reglur þessar.

Markmið reglnanna er að uppfylla skilyrði sem sett eru fram í reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) 2020/402 frá 14. mars 2020, um að gera útflutning tiltekinna vara háðan leyfi, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/426 frá 19. mars 2020, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/402.

2. gr.

Útflutningsleyfi.

Óheimilt er að flytja út hlífðarbúnað skv. 1. gr. til annarra ríkja en þeirra sem talin eru upp í 2. mgr. að undangenginni útgáfu leyfis frá Lyfjastofnun, sbr. 3. gr.

Ekki er krafist útflutningsleyfis vegna útflutnings til EES-rikja, Sviss, Færeyja, Andorra, Mónakó, San Marínó og Vatikanborgar, sem og erlendra ríkja og svæða sem tilgreind eru í II. viðauka við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins.

3. gr.

Umsókn um leyfi og afgreiðsla.

Umsókn um leyfi til útflutnings á hlífðarbúnaði skv. 1. mgr. 2. gr. skal send til Lyfjastofnunar.

Umsóknir skulu afgreiddar innan fimm virkra daga frá móttöku. Við sérstakar aðstæður er heimilt að lengja afgreiðslutíma um fimm virka daga til viðbótar.

Við mat sitt á því hvort gefa eigi út útflutningsleyfi skal Lyfjastofnun hafa til hliðsjónar, eftir því sem við á, ákvæði 3. tölul. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/402.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 18. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, öðlast þegar gildi og gilda til 25. apríl 2020.

Heilbrigðisráðuneytinu, 2. apríl 2020.

Svandís Svavarsdóttir.

Ásta Valdimarsdóttir.

Fylgiskjal I.**Hlífðarbúnaður fyrir heilbrigðisstarfsfólk.**

Sá hlífðarbúnaður sem fellur undir gildissvið 1. gr. reglnanna er talin er upp í eftirfarandi töflu:

| Flokkur | Lýsing | Tollflokkur |
|-----------------------------------|--|--|
| Hlífðargleraugu og hlífðarskyggni | <ul style="list-style-type: none"> – Veitir vernd gegn mögulegum sýkingum. – Veitir vernd yfir augu og kringum augu. – Hægt að nota sem íhlut með mismunandi tegundum af andlitsgrímum, þ.m.t. andlitsgrímum sem búnar eru loftsíum. – Gegnsæ. – Endurnýtanleg (hægt að þrifa og sótthreinsa) eða einnota. | ex 9004.9001 ex 9004.9009 |
| Andlitsskildir | <ul style="list-style-type: none"> – Búnaður til verndar andliti og slímhúð (t.d. augu, nef, munnur) gegn mögulegri sýkingu. – Inniheldur gegnsætt skyggni. – Venjulega búinn festingum. – Getur innihaldið verndarbúnað fyrir munn og nef, eins og lýst er að neðan. – Endurnýtanlegur (hægt að þrifa og sótthreinsa) eða einnota. | ex 3926.90 ex 9020.0000 |
| Verndarbúnaður fyrir munn og nef | <ul style="list-style-type: none"> – Andlitsgrímur sem ætlað er að vernda notandann gegn mögulegum sýkingum og aðra gegn mögulegum sýkingum frá notandanum. – Getur innihaldið andlitsskjöld eins og lýst er að ofan. – Hvort sem búnaðurinn inniheldur endurnýjanlega síu eða ekki. | ex 6307.90 ex 9020.0000 |
| Hlífðarfatnaður | Fatnaður (t.d. hlífðarsloppar) sem ætlað er að veita vörn gegn mögulegum sýkingum og ætlað að vernda aðra frá mögulegri dreifingu á sýkingum. | ex 3926.2000 ex 4015.9000 ex 6113.0000 ex 6114 6210.1001 ex 6210.1009 ex 6211.3200 ex 6211.33 ex 6211.3900 ex 6211.4200 ex 6211.4301 ex 6211.4309 ex 6211.4900 ex 9020.0000 |

| Flokkur | Lýsing | Tollflokkur |
|---------|--|---|
| Hanskar | Hanskar sem ætlað er að veita notandanum vörn gegn mögulegum sýkingum og ætlað er að vernda aðra frá mögulegri dreifingu á sýkingum. | ex 3926.2000 4015.1100 ex 4015.1901 ex 4015.1909 ex 6116.1001 ex 6116.1009 ex 6216.0000 |

B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2020